

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
113. fundur.

Miðvikudaginn 30. nóvember 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 11.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar upprekstrarfélags Eyvindarstðarheiðar, dags. 10. nóv. 2011.
 - b) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 23. nóv. 2011.
 - c) Stjórnar SSNV, dags. 11. nóv. 2011
3. Bréf:
 - a) Frá SSNV, dags. 22. 11. 2011.
 - b) Frá Stígamótum, ódagsett.
 - c) Frá Fjarska ehf., dags. 16. 10. 2011.
 - d) Frá Landssamb. Slökkviliðs- og sjúkrafl.manna, dags. 17. 11. 2011.
 - e) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 13. 11. 2011.
4. Útsvarsprósenta 2012.
5. Fjárhagsáætlun 2012, fyrri umræða.
6. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.05

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins: Fundargerð fræðslunefndar Húnavatnshrepps tekin fyrir undir dagskrárlið 2. d) Erindi frá Textílsetri Íslands tekið fyrir undir dagskrárlið 3. f) Erindi frá Laxasetri Íslands tekið fyrir undir dagskrárlið 3. g).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Lögð voru fram drög að nýjum samningi um rekstur sumarhótelis á Húnavöllum 2012-2014. Kynnt fyrirhuguð stofnanaúttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis á þremur leik- og grunnskólum á vormisseri 2012.

Kynnt verkefni sóknaráætlana landshluta 2012. Ráðherranefnd um ríkisfjármál hefur samþykkt að 11 verkefni sem þróuð voru í samráðsferli ríkis og sveitarfélaga vegna sóknaráætlana landshluta verði á fjárlögum 2012. Tvö af þessum verkefnum eru á Norðurlandi vestra þ.e Dreifinám í Húnaþingi vestra og lagning hitaveitu frá Reykjum að Skagaströnd

2. Fundargerðir:

- a) Stjórnar upprekstrarfélags Eyvindarstðarheiðar, dags. 10. nóv. 2011.

Lögð fram til kynningar.

- b) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 23. nóv. 2011.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 113. fundur.

c) Stjórnar SSNV, dags. 11. nóv. 2011

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps tekur undir bókun stjórnar SSNV um að staðið sé við fyrri yfirlýsingar mennta- og menningarmálaráðuneytis um að fjármagn til viðbótar menningarsamninga taki mið af sömu fjárhæð og var 2011, eða 129,7 millj. kr. og að skiptireglan verði endurskoðuð.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps tekur undir bókun SSNV þar sem fram kemur að upphaflegur tilgangur aukaframlags Jöfnunarsjóðs var að jafna aðstöðumun þeirra sveitarfélaga sem glímt hafa við búseturöskun og lækkandi tekjustofna og telur óásættanlegt að stórum hluta aukaframlagsins sé varið til sveitarfélaga í skuldavanda á kostnað fyrrnefndra sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps tekur undir ályktun stjórnar SSNV varðandi gerð samgönguáætlunar 2011-2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 29. nóv. 2011.

Fundargerðin samþykkt. Gert er ráð fyrir að kostnaður Húnavatnshrepps vegna þátttöku í Skólavoginni og skólapulsinum verði allt að 240 þús. kr. á árinu 2012.

3. Bréf:

a) Frá SSNV, dags. 22. 11. 2011.

Efni: Fundarboð SSNV og Markaðsstofa ferðamála á Blönduósi 2. des. 2011.
Til kynningar.

b) Frá Stígamótum, ódagsett.

Efni: Fjárbeiðni fyrir árið 2012.

Hreppsnefnd telur sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.

c) Frá Fjarska ehf., dags. 16. 10. 2011.

Efni: Óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Blöndustöð að lokuhúsi við Kolkustíflu og að tengivirki Landsnets við Hrutatungu.

Hreppsnefnd samþykkti erindið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar og samþykki landeigenda, sem eru sjálfseignastofnanir Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar.

d) Frá Landssamb. Slökkviliðs- og sjúkrafl.manna, dags. 17. 11. 2011.

Efni: Umsókn um styrk vegna Eldvarnaátaksins 2011.

Hreppsnefnd hafnaði erindinu.

e) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 13. 11. 2011.

Efni: Leitað er eftir stuðningi við starfsemi kórsins á árinu 2012.

Hreppsnefnd samþykkti að styrkja starfsemi kórsins um 200 þús kr. á árinu 2012.

f) Frá Textílsetri Íslands, dags. 24. 11. 2011.

Efni: Sótt er um styrk að upphæð 500 þús kr. vegna reksturs Textílsetursins árið 2012. Jóhanna Pálmadóttir vék af fundi undir afgreiðslu á þessum lið.

Hreppsnefnd samþykkti að styrkja rekstur Textílsetursins um 350 þús kr. á árinu 2012.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 113. fundur.

g) Frá Laxasetri Íslands ehf, dags. 25. 11. 2011.

Efni: Sótt er um 500 þús kr. styrk í verkefnið á árinu 2012.

Hreppsnefnd telur sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni. Samþykkt með fimm atkvæðum, einn sat hjá (GRH) og einn var á móti (MS).

4. Útvarsprósenta 2012.

Oddviti lagði fram tillögu um að útsvarshlutfall fyrir árið 2012 verði 14,48%, sem er óbreytt frá fyrra ári.

Hreppsnefnd samþykkti tillöguna samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2012, fyrri umræða.

Vilhelm Harðarson mætti til fundar undir þessum lið til viðræðna um viðaukasamning um sorphirðu. Farið var yfir ýmsa liði samningsins.

Oddvita og sveitarstjóra var falið að ganga frá viðaukasamningi við Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar í samræmi við umræður á fundinum.

Helstu breytingar í viðauka við eldri samning eru eftirfarandi: Við hvert heimili í sveitarfélaginu verða tvö sorphlát, annað fyrir almennan óflokkaðan úrgang og hitt fyrir endurvinnsluefni. Sorpbíll verður útbúinn þannig að safna megi í sömu ferð bæði óflokkuðum úrgangi til urðunar og endurvinnsluefni.

Í upphafi samningstíma er gert ráð fyrir því að tímabilið júní –sept. þ.e. í fjóra mánuði á ári verður sorphirða á 14 daga fresti. Tímabilið okt-maí. þ.e. í átta mánuði á ári verður sorphirða á þriggja vikna fresti. Gámar fyrir brotamálma verða staðsettir á gámasvæðum allt árið. Gámar fyrir timbur verða á gámasvæðum tvo til þrjá mánuði á ári. Á öðrum tíma verður gámur fyrir timbur á Húnavöllum og þar verða einnig ílát til söfnunar á raftækjum. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar verði komnar til framkvæmda 3 mánuðum eftir undirritun samnings, fram til þess tíma verður sorphirða með óbreyttum hætti. Fyrirhugaðar breytingar á sorphirðu verða kynntar fyrir íbúum sveitarfélagsins með dreifingu sérstaks kynningarefnis

Fjárhagsáætlun Húnavers fyrir árið 2012 liggur fyrir undir þessum lið ásamt erindi frá stjórn Húnavers um að framlag sveitarfélagsins til rekstrar og viðhalds Húnavers verði greitt í upphafi hvers árs. Sveitarstjóra falið að funda um málið með formanni stjórnar Húnavers og húsverði.

Við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar vantar tölur frá Jöfnunarsjóði varðandi áætluð útgjaldajöfnunarframlög og almenn grunnskólaframlög vegna árisins 2012. Einnig vantar fjárhagsáætlanir og upplýsingar um kostnaðarhlut Húnavatnshrepps vegna árisins 2012 í byggðasamlögum um Fél- og skólaþjónustu, Menningar- og atvinnumál og Brunavarnir A-Hún.

Eftirfarandi erindum hefur verið vísað til fjárhagsáætlunar 2012:

Áætlað framlag Húnavatnshrepps til almannavarnanefndar 150 kr. per íbúa.

Áætlað framlag vegna endurbóta á kirkjugarði við Bólstaðarhlíðarkirkju 1 til 1,2 millj. kr.

Framlag til U.S.A.H. umsókn um styrk að upphæð 350 þús kr.

Erindi frá sjálfseignastofnunum Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar 500 þús kr. til hvorrar stofnunar til hnitsetningar á landamerkjum.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlunina, farið var yfir rekstur málaflokka og eignasjóðs.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
113. fundur.

Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir 4% verðbólgu á árinu 2012 og um 3,5% launahækkunum.

Samþykkt var með fjórum atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun til annarar umræðu í hreppsnefnd. (ÞS, MS, JS, IS). Þrír sátu hjá. (JG, JEP, GRH).

6. Önnur mál.

Lagt fram erindi frá foreldrum barna frá Húnsstöðum og Holti varðandi fyrirkomulag skólaaksturs á leið 7 Blönduós-Ásar-Húnavellir. Sveitarstjóra falið að athuga málið í samráði við skólastjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir samningi um nátthólf í landi Grímstungu í Vatnsdal og bókfærðum kostnaði við nátthólfið.

Jóhanna E. Pálmadóttir átelur að kostnaðaráætlun um verkið hafi ekki verið lögð fyrir hreppsnefnd.

Fundi slitið kl. 19.20

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen